

Lagabreytingar o.fl.

Hér á eftir verður vikið að breytingum sem nýverið voru gerðar á lögum um virðisaukaskatt. Einnig er getið um væntanlegar breytingar á formi virðisaukaskattsskýrslna.

1. Lagabreytingar

Með lögum nr. 64/2002 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisauka-skatt. Breytingarnar tóku gildi 1. júlí sl.

Helstu breytingar eru þessar:

1.1. Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra, er nú í 14% skattþrepi óháð því á hvaða tungumáli bókin er. Áður kváðu lögin á um að aðeins bækur á íslenskri tungu væru í 14% þrepi, aðrar í 24,5% þrepi. Eins og áður eru tímarit, dagblöð, landsmálablöð og héraðsfréttablöð í 14% þrepi.

Allur annar prentvarningur er eftir sem áður í 24,5% þrepi, t.d. eyðublöð, litabækur, stílabækur, reikningshefti, smáprent, almanök, dagbækur og uppdrættir. Sama gildir um t.d. textalausar barna- og nótnabækur. Þær eru áfram í 24,5% þrepi.

1.2. Sérstök endurgreiðsla til eigenda íbúðarhúsnæðis á 60% virðisaukaskatts af aðkeyptri vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis er ekki lengur bundin við sérstök endurgreiðslutímabil. Strax og réttthafi endurgreiðslu hefur fengið í hendur og greitt reikning vegna framkvæmdanna getur hann sótt um endurgreiðslu. Skattstjóri skal taka afstöðu til umsóknar innan 15 daga frá því umsókn barst.

Þá taka endurgreiðslur vegna vinnu manna við nýbyggingar, endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis ekki verðbreytingum eftir 30. júní sl.

Vegna framangreindra breytinga hefur viðkomandi umsóknareyðublöðum verið breytt. Sjá nú eyðublöð RSK 10.16 (verksmiðjuframleidd íbúðarhús), 10.17 (byggingaraðilar), 10.18 (aðkeypt vinna við endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota) og 10.19 (aðkeypt vinna við nýbyggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota).

1.3. Settur hefur verið fyrningarfrestur á rétt til allra sérstakra endurgreiðslna sem byggja á lögum um virðisaukaskatt, s.s. á endurgreiðslur vegna vinnu manna við íbúðarhúsnæði og til opinberra aðila. Ekki er lengur hægt að sækja um slíkar endurgreiðslur lengra aftur í tímann heldur en sex ár talið frá því að endurgreiðslu-réttur stofnaðist.

2. Breytingar á formi vsk-skýrslu

Orðsendingu þessari fylgir virðisaukaskattsskýrsla fyrir nýliðið uppgjörstímabil. Hluti skýrslunnar er sem fyrr fylgiseðillinn „Sundurliðun skattskyldrar og undanþeginnar veltu eftir atvinnugreinaflokkun ÍSAT95“. Óskast hann útfylltur með sama hætti og fyrr. Fyrirhugað er að falla eftirleiðis frá kröfu um veltusundurliðun á þessu formi. Því mun umræddur fylgiseðilli ekki verða hluti skýrslna hér eftir. Að öðru leyti eru ekki ráðgerðar breytingar á skýrsluforminu.

Nánari upplýsingar veita gjaldaskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1207 og skattstjórar um land allt.

GJALDASKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA